
MENNTUN FYRIR ALLA Á ÍSLANDI

Úttekt á framkvæmd stefnu um
menntun án aðgreiningar á Íslandi



Starf Evrópumiðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir með aðildarlöndunum



Tengslanet Evrópumiðstöðvarinnar

- Tengiliðir við Evrópumiðstöðina eru í 30 Evrópulöndum, þ.e. 27 af aðildarlöndum Evrópusambandsins auk Noregs, Íslands og Sviss
- Íslendingar hafa átt fulla aðild að Evrópumiðstöðinni og tekið þátt í starfi hennar að öllu leyti frá árinu 1996



Afstaða Evrópumíðstöðvarinnar til menntunar án aðgreiningar

Þegar til langs tíma er litið er markmið þess að starfrækja skólakerfi án aðgreiningar að tryggja öllum nemendum, á hvaða aldri sem þeir eru, fullnægjandi tækifæri til að aflaða sér góðrar menntunar í heimabyggð, við hlið vina sinna og jafnaldra



Þjónusta við einstök aðildarlönd

- Evrópumíðstöðin styður starfsemi hvers lands með greiningum á einstökum efnissviðum í Evrópu í tengslum við markmið áætlunarinnar ET 2020
 - Fjármögnun menntakerfa
 - Brotthvarf úr skóla
 - Menntun án aðgreiningar í yngstu aldurshópunum
 - Betri árangur allra nemenda
- Öflun upplýsinga um skilvirkni menntakerfa og hvernig réttur nemenda til menntunar er uppfylltur
- Rýni og greining á menntastefnu aðilarlandanna
- *Ráðgjöf við einstök aðildarlönd*
- *Upplýsingar um Ísland á heimasíðu Evrópumíðstöðvarinnar*



Úttekt á íslenska skólakerfinu



Starf unnið fyrir hönd ...

- mennta- og menningarmálaráðuneytis
- aðila sem undirrituðu viljayfirlýsingu um úttektina:
 1. velferðarráðuneytis
 2. Sambands íslenskra sveitarfélaga
 3. Kennarasambands Íslands
 4. Heimilis og skóla
 5. Skólameistarafélags Íslands



Viðmiðabundið úttektarlíkan


Aðferðin var fólgin í tveimur lykilverkefnum:

1. Framsetningu á æskilegum viðmiðum um menntun án aðgreiningar sem innlendir aðilar koma sér saman um
2. Söfnun gagna af hálfu Evrópumíðstöðvarinnar til að meta hvernig núverandi stefnumótun og framkvæmd þjónar settum viðmiðum

Ytri úttekt af þessu tagi er vel til þess fallin:

- að draga fram upplýsingar sem nýtast til sjálfsrýni á einstökum stigum skólakerfisins
- að leiða í ljós hvar frekari þróunarvinnu er þörf í íslensku skólakerfi





Unnið með fólki sem lætur menntamál sig varða ...

- Á leikskólastigi og allt til loka framhaldsskóla
- Öllum þeim sem annast fjárveitingar til menntunar án aðgreiningar, þ.e. sveitarfélögum, mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti svo og innanríkisráðuneyti (Jöfnunarsjóði sveitarfélaga)
- Nemendum og fjölskyldum þeirra, starfsfólki skóla, skólalþjónustu, þeim sem annast fjármál og rekstur skóla, landssamtökum kennara og stofnunum sem annast kennaramenntun og fræðsluyfirvöldum ríkis og sveitarfélaga



Vettvangsathuganir

- 27 rýnihópar með 222 þátttakendum (tveir hópar héldu fundi sína með aðstoð Skype, annar þeirra skömmu eftir að megingintímabili vettvangsathugana lauk)
- 11 skólaheimsóknir – fjórar í grunnskóla, þrjár í leikskóla, þrjár í framhaldsskóla og ein í sérskóla
- 9 viðtöl við háttsetta stjórnendur á sveitarstjórnarstigi eða á landsvísu



Landshlutar sem úttektin tók til

- Reykjavík og nágrenni
- Akureyri og nágrenni
- Egilsstaðir og nágrenni
- Árborg og nágrenni
- Borgarbyggð og nágrenni



Netkönnun

- 4 útgáfur sem beindust að 4 ólíkum hópum: kennurum, öðru starfsfólki skóla, foreldrum og skólastjórnendum
- Lögð fyrir í íslenskri og enskri útgáfu
- Alls bárust 934 svör úr öllum könnunum:
 - 351 frá kennurum
 - 422 frá foreldrum
 - 57 frá öðru starfsfólki skóla
 - 104 frá skólastjórnendum



Gagnagreining

- Beindist að þáttum í uppbyggingu skólakerfisins, starfsemi þess og árangri sem stuðla að meginmarkmiði úttektarinnar – *að komast að niðurstöðu og móta tillögur sem nýtast til að leggja drög að umbótum í skólakerfi án aðgreiningar á Íslandi:*
 - málefni sem liggja til grundvallar meginþáttum stefnumótunar og framkvæmdar og nauðsynlegt þykir að huga sérstaklega að
 - styrkleikar sem vert er talið að nýta í umbótaferli
- Metinn var árangur við að ná settum viðmiðum



Afrakstur úttektarinnar

- Lokaskýrsla
- Viðaukar:
 1. Aðferðir sem notaðar voru í úttektinni
 2. Yfirlit um gagnrýnið sjálfsmat
 3. Skýrsla um úrvinnslu rannsóknargagna
 4. Skýrsla um gögn sem aflað var í vettvangsathugunum
 5. Skýrsla um greiningu á kerfislíkani
 6. Skýrsla um greiningu á netkönnunum
- Samantekt um niðurstöður skýrslunnar á íslensku og ensku



Helstu niðurstöður úttektarinnar



Styrkleikar íslenska skólakerfisins

- Þeir sem sinna menntamálum eru sammála um að mikilvægt sé að vinna að menntun án aðgreiningar til að auka efnahagslega og samfélagslega velferð í landinu
- Gildandi lög og mörkuð stefna stjórnvalda mynda sterkan grunn sem samræmist ákvæðum alþjóðasáttmála um réttindi nemenda
- Samhugur er meðal allra hópa sem láta menntamál sig varða – einnig foreldra – um kosti þess að byggja aðalnámskrá á tilteknum grunnþáttum menntunar sem ýta undir þverfaglega nálgun í námi og kennslu



-
- Umtalsverður sveigjanleiki er í skólakerfinu og skólar hafa því svigrúm til að innleiða nýjungar, þróa skólastarfið og koma í framkvæmd samstarfsverkefnum af ýmsu tagi
 - Íslenskt skólakerfi býr við tiltölulega góða fjármögnun – fjárveitingar til menntamála eru hærri en í öðrum OECD-löndum
 - Fyrir hendi er vel útfærður rammi viðmiða um gæðamenntun sem notuð eru við innra og ytra mat á skólastarfi
 - *Fagleg starfsþróun starfsfólks skóla er að öllum líkindum mikilvægasta lyftistöngin til að auka gæði menntunar án aðgreiningar á Íslandi og mikill skilningur er á þessu meðal starfsfólks skóla og þeirra sem sinna menntamálum á vettvangi ríkis og sveitarfélaga*



Leggja allir þeir sem sinna menntamálum sama skilning í hugtakið menntun án aðgreiningar?

- Mismunandi skilningur er lagður í hugtakið menntun án aðgreiningar meðal þeirra sem sinna menntamálum, bæði innan hvers skólastigs og milli skólastiga
- Almennt þarf að skýra betur bæði hugtakið sjálft og hvernig standa ber að framkvæmd menntunar án aðgreiningar



Styðja löggjöf og stefnumótun markmið um jafnræði nemenda til menntunar án aðgreiningar?

- Núverandi löggjöf og stefnumótun felur í sér stuðning við markmið og áherslur skólakerfis án aðgreiningar – *samstaða er um markmiðin og áherslurnar meðal flestra þeirra sem sinna menntamálum og á öllum stigum skólakerfisins*
- Á hinn bóginn er þörf á skýrari leiðsögn um hvernig standa ber að því að fella þessi stefnumið inn í áætlanir sveitarfélaga og skóla og hrinda þeim í framkvæmd
- Þeir sem vinna að menntamálum þurfa jafnframt á leiðsögn að halda um hvernig haga skuli eftirliti með þeirri framkvæmd og mati á árangri hennar, í samræmi við landslög og markaða stefnu stjórnvalda



Nýtur starfsfólk nægilegs stuðnings til að framkvæma stefnu um menntun án aðgreiningar?

- Þótt starfsfólk á öllum stigum skólakerfisins vinni af heilindum að framgangi stefnunnar hefur það ekki notið nægilegs stuðnings til þess
- Formlegur stuðningur er að nokkru leyti fyrir hendi, en starfsfólk skóla lítur svo á að fleiri og sveigjanlegri kostir á slíkum stuðningi þurfi að bjóðast
- Þessu viðmiði verður varla náð til fulls nema vel sé unnið að öðrum viðmiðum sem sett hafa verið, og snúa einkum að skilvirkni stuðningskerfa, fjármögnun og stjórnskipulagi fjárveitinga, og aðferðum við gæðastjórnun



Veitir skólakerfið starfsfólki nægan stuðning til að taka mið af menntun án aðgreiningar í daglegu starfi?

- Margt starfsfólk skóla segist fá ófullnægjandi stuðning til að ígrunda og framkvæma dagleg störf sín með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi
- Á öllum stigum skólakerfisins má finna dæmi um umbætur að því er varðar skipulag, námskrá, námsmat, kennsluhætti, stuðning við nemendur, tækifæri til faglegrar starfsþróunar fyrir alla þá sem vinna að menntamálum og árangursrík samskipti starfsfólks



-
- Slík vinnubrögð hafa þó hvorki náð mikilli útbreiðslu né náð að festa rætur í skólastarfinu
 - Tryggja þarf betur að allir þeir sem sinna menntamálum, og einnig nemendur og foreldrar þeirra, átti sig á þörfinni á viðeigandi og árangursríkum stuðningi við skólastarf, bæði almennt og í einstökum árgöngum



Taka reglur um ráðstöfun fjárveitinga mið af sjónarmiðum um fullnægjandi árangur, jafnræði og stuðning við starfsfólk?

- Flestir þeirra sem sinna menntamálum, á hvaða skólastigi sem þeir starfa, telja núverandi tilhögun fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár hvorki taka mið af jafnræðissjónarmiðum né hugmyndum um skilvirkni
- Í stað þess að núverandi fjárveitingavenjur auðveldi starfsfólki að veita menntun án aðgreiningar eru margir þeirrar skoðunar að þær tálmi framförum á því sviði



-
- Margir sem starfa að skólamálum, bæði á landsvísu og á vettvangi sveitarfélaga, líta svo á að breytingar á núverandi tilhögun fjárveitinga í samræmi við greiningu á sérstökum námsþörfum eða fötlun gætu verið mikilvæg lyftistöng fyrir menntun án aðgreiningar á Íslandi



Næst fullnægjandi árangur með núverandi stjórnskipulagi og gæðastjórnun á sviði menntamála?

- Þeir sem sinna menntamálum á landsvísu, á vettvangi sveitarfélaga og í skólum telja á það skorta að stjórnskipulag og gæðastjórnun/ábyrgð á sviði menntamála sé með viðhlítandi hætti
- Hvort sem horft er til landsins í heild eða einstakra sveitarfélaga telur starfsfólk að það hafi ekki nægan stuðning innan núverandi stjórnskipulags
- Starfsfólk skóla nefnir að núverandi tilhögun gæðastjórnunar gagnist ekki alltaf með þeim hætti í skólastarfinu að hún stuðli að frekari þróun þess og umbótum



Hefur starfsfólki skóla verið gert kleift, á grundvelli menntunar sinnar og starfsþróunar, að innleiða menntun án aðgreiningar sem stefnu sem byggist á rétti hvers og eins nemandi?

- Margt starfsfólk skóla elur með sér efasemdir um að grunnmenntun þeirra og/eða tækifæri til faglegrar starfsþróunar nýtist sem skyldi til undirbúnings fyrir skólastarf án aðgreiningar



-
- Að áliti þeirra sem sinna menntamálum á landsvísu og í sveitarfélögum fellur hvorki grunnmenntun né fagleg starfsþróun nægilega vel að markaðri stefnu ríkis og sveitarstjórna og starfsfólki skóla er því ekki gert kleift með fullnægjandi hætti að innleiða menntun án aðgreiningar sem stefnu sem byggist á rétti hvers og eins



Mat á viðmiðum og vísbendingum

- 7 vísbendingar voru taldar vera á því stigi að þeim þyrfti að *hleypa af stokkunum* (2.3, 3.9, 4.3, 4.8, 4.9, 5.2, 6.5)
- 31 vísbending var talin *þurfa þróunar við*
- 1 vísbending var talin vera orðin *föst í sessi* í stefnumótun og framkvæmd í öllum skólum, aldurshópum og sveitarfélögum (2.1)
- Öll viðmiðin sjö voru talin *þurfa þróunar við*




Kerfislíkan af stuðningi vegna skólastarfs án aðgreiningar

Tillögurnar hafa verið teknar saman með vísan til kerfis lykilþátta sem hafa þýðingu fyrir nemendur, áhuga þeirra á námsframboði og þátttöku í námi. Líkingin við kerfi felur í sér að litið er á þroska- og námsferil hvers og eins sem samspil milli nemandans sjálfs og umhverfisins.

Undir líkan af þessu tagi falla reynsla og samskipti nemenda og fjölskyldna þeirra, kennara og annars starfsfólks skóla svo og stjórnenda og ráðamanna á öllum stigum skólakerfisins. Í líkaninu, sjá næstu mynd, er staða nemandans sett fram sem miðpunktur fjögurra gagnverkandi kerfa.





Kerfislíkan af stuðningi vegna skólastarfs án aðgreiningar



Tillögur úttektahópsins



1. Tryggt verði að allir sem vinna að menntamálum líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðanáms fyrir alla nemendur

Í þessu skyni verða umræður að eiga sér stað meðal þeirra sem sinna menntamálum, bæði á landsvísu og í einstökum sveitarfélögum, um þá gerð skóla og lærdómssamfélags sem æskilegt þykir að stefna að og bestu leiðir að því takmarki



2. Tryggt verði, með hliðsjón af niðurstöðu slíkra umræðna, að löggjöf og stefnumótun á vettvangi ríkis og sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu menntunar án aðgreiningar á grundvelli réttar hvers og eins nemanda

Löggjöf og stefnumótun á sviði menntunar án aðgreiningar á öllum skólastigum þarf að miðast við að styðja alla nemendur til virkrar þátttöku, örva áhuga þeirra og gefa þeim sem fjölbreyttust tækifæri til náms



3. Mörkuð stefna ríkis og sveitarfélaga á sviði menntunar án aðgreiningar verði nýtt til að festa í sessi stjórnskipulag og gæðastjórnunarkerfi sem stuðla að árangursríkri framkvæmd á öllum skólastigum

Skýra þarf betur einstök þrep stjórnskipulagsins – þ.e. vinnuferla og kerfisþætti sem stuðla að samhæfðri starfsemi á ólíkum skólastigum og hjá mismunandi aðilum skólakerfisins



4. Til þess að tryggja góðan árangur af framkvæmd markaðrar stefnu á öllum skólastigum verði teknar upp sveigjanlegar fjárveitingareglur sem auka hæfni kerfisins til að veita menntun án aðgreiningar

Endurskoða þarf allt fjárveitingakerfið frá grunni með það að markmiði að beita snemmtækri íhlutun og forvörnum í stað kerfis sem miðar að því að bæta úr ágöllum.

Draga ber úr formlegum kröfum um greiningu sem hafa leitt til þess að helsta leiðin til að afla viðeigandi stuðnings þeim nemendum sem eiga í erfiðleikum í skóla er að flokka þá í samræmi við greinda þörf



5. Byggðir verði upp, bæði í grunnmenntun og í formi faglegrar starfsþróunar, námskostir fyrir fagfólk sem falla vel að stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga og áætlunum á sviði skólaþróunar, til þess að allir þeir sem vinna að menntamálum eigi þess kost að tileinka sér árangursrík vinnubrögð á sviði menntunar án aðgreiningar

Setja verður reglur um lágmarkspjónustu, til leiðbeiningar öllum þeim sem sinna menntun og þjálfun á þessu sviði, á grundvelli markaðrar stefnu ríkis og sveitarfélaga að því er varðar menntun án aðgreiningar, og láta þær taka til allra námsleiða og námstækifæra, bæði í grunnmenntun og á sviði faglegrar starfsþróunar



6. Aukin verði geta stuðningskerfa á öllum skólastigum til að laga námsumhverfið að menntun án aðgreiningar með heilstæðu framboði á stuðningi og aðstöðu

Stuðningskerfið verður að vinna gegn ójöfnu aðgengi að námi og námsaðstöðu sem rekja má til aldurs og búsetu. Tryggja þarf nemendum, fjölskyldum þeirra og skólum lágmarksstuðning óháð búsetu og skólasókn




7. Efld verði geta allra þeirra sem vinna að menntamálum, á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, til að ígrunda og framkvæma dagleg störf sín með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi og til að byggja upp lærdómssamfélög án aðgreiningar

Styðja þarf alla þá sem vinna að menntamálum í skólum til að taka, hver um sig og í sameiningu, ábyrgð á því að koma til móts við þarfir allra nemenda. Kanna þarf enn frekar en gert hefur verið hvernig hægt er að efla sjálfsrýni og þróunarstarf í skólum og stuðningsþjónustu



Þrjár mikilvægar lyftistangir fyrir skólakerfið





Þrjár mikilvægar og nátengdar lyftistangir fyrir þróunarstarf í skólakerfinu



Koma þarf af stað umræðum meðal meðal allra hagsmunaaðila sem vinna að menntamálum á vegum ríkis og sveitarfélaga, í öllum sveitarfélögum, í öllum aldurshópum og skólum, um hvernig best verði staðið að menntun án aðgreiningar

Helstu áhersluatriði:

- Skilgreining sérhæfðra hugtaka
- Árangur og markmið sem stefna ber að
- Tilhögun og viðmið sem nota ber til að mæla hversu vel sett markmið hafa náðst
- Mælikvarðar og áfangar sem nota má til marks um að vel hafi tekist til við framkvæmd samþykktrar stefnu



Athugun og endurskoðun á núverandi fjármögnun með það fyrir augum að auka árangur og hagkvæmni

Rétt er nýta vel til uppbyggingar, þá viðtæku samstöðu sem myndast hefur um þörfina á breyttri tilhögun fjárveitinga. Það er skýr afstaða þeirra sem sinna menntamálum á Íslandi, á hvaða skólastigi sem þeir starfa, að draga beri úr vægi fjárveitinga sem ráðast af greiningu á sérstökum námsþörfum tiltekinna nemenda og taka þess í stað upp sveigjanlegri fjárveitingareglur sem gefa skólum meira svigrúm til að bregðast við þörfum nemendahópsins í heild



Stofna þarf til umræðna með það að markmiði að sameinast um reglur um lágmarkspjónustu til stuðnings menntunar án aðgreiningar í öllum skólum

Landshlutar, sveitarfélög, aldurshópar og skólar eiga misjafnlega greiðan aðgang að stuðningsúrræðum og skólapjónustu. Aðilar menntamála á öllum stigum skólakerfisins hafa kallað eftir ítarlegri leiðsögn um lágmarkspjónustu sem hafa mætti til hliðsjónar við framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar í öllum skólum og sveitarfélögum



„Glöggt er gests augað“

